

1863. 100 rdl. í ritlaun, eður að honum verði veittur 150 ríkisdala
 27. októberm. styrkur til að standast kostnaðinn við útgáfu bókarinnar, sem hann þá að öðru leyti kostar sjálfur. Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörðið það Halldóri skólakennara Friðrikssyni, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina hið fyrra af því, sem hann hefir um sótt, en þar á móti veitir það honum 150 ríkisdala styrk til að gefa út bókina á sinn eigin kostnað. Þess skal getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarstöðnum.

31. októberm. 88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að málssókn móti Jörgen Guðmundssyni megi niður falla.

Með bréfi, dags. 8. þ. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfirréttinn, fer hann þess á leit, sem svara- maður Jörgens Guðmundssonar í Reykjavík, sem þér höfðuð látið lögsækja fyrir illa meðferð á konu sinni, annaðhvort að málssóknin verði með öllu látin niður falla, eður að málið að minnsta kosti verði útkljáð á þann hátt, að hann greiði til fátækra stjórnsins hæfilega fjársekt, er stjórnarráðið eður háyfirvaldið ákveði.

Útaf þessu kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að sökum hinna sérstaklegu atvika máls þessa og einkum með tilliti til þess, að hjón þau, sem hér er um rætt, hafa sætt sín á milli og hegðan þeirra síðan verið ólastandi, þá leyfir stjórnarráðið, að mál það, er höfðað hefir verið móti Jörgen Guðmundssyni, megi niður falla, þó svo, að hann greiði kostnað þann, sem málssóknin hefir haft í för með sér.

Skjöl málsins, þau sem eru frumrit, fylgja hérmeð aptur.